

## Skuldaaðlögun eykur sóknargetu atvinnulífsins

**Pröstur Sigurðsson og Guðrún Ögmundsdóttir**

Samkomulagið um skuldaaðlögun lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem undirritað var í desember í fyrra undir nafninu Beina brautin var mikilvægt skref í viðsnúningi íslensks viðskiptalífs.


Skuldsetning fyrirtækja og sú óvissa sem ríkt hefur um skuldaúrlausn hefur legið líkt og mara á atvinnulífinu. Á meðan efnahagsreikningar flestra íslenskra félaga eru í uppnámi er borin von að þau fjárfesti og sækji fram. Biðin er dýr. Hún hamlar hagvexti og hún kemur í veg fyrir sköpun starfa.

Beinu brautinni var ætlað að skera á þennan hnút og koma fjárhagslegri endurskipulagningu flestra fyrirtækja í skipulagðan farveg.


Upprunalega stóð til að áætlunin næði til allt að 7000 fyrirtækja. Á fundi Viðskiptaráðs um stöðu Beinu brautarinnar, sem haldinn var þriðjudaginn 22. mars, kom fram að nú er stefnt að því að 1.655 fyrirtæki fái úrlausn sinna mála undir formerkjum Beinu brautarinnar. Sá munur sem er á núverandi áætlun og þeirri upprunalegu skýrist að stórum hluta af því að fyrirtæki sem skulda innan við tíu milljónir króna eru ekki talin með.

Líkt og fram kom í máli framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs er hættu á að við framkvæmd samkomulagsins um Beinu brautina togist á ólíkir hagsmunir. Fjármálastofnanir geta við núverandi aðstæður haft hag af of háu verðmati fyrirtækja á sama tíma og fyrirtækin hafa hag af of lágu verðmati. Þetta má sjá á myndinni hér að neðan. Hvorki fjármálastofnanir né fyrirtæki hafa hag af því til lengri tíma að slík viðmið ráði ferðinni. Við framkvæmd verkefnisins er mikilvægt að byggja upp traust milli málsaðila og þeir þurfa að sýna skilning á aðstæðum og aðferðafræði hvors annars. Báðir aðilar verða að vinna að því að finna eðlilegt heildarvirði rekstrar og meta skuldaþol út frá því. Með þeim hætti byggja fjármálastofnanir upp traustara útlánasafn á sama tíma og fyrirtækjunum verður gert kleift að standa undir skuldbindingum sínum og byggja að nýju upp heilbrigðari efnahagsreikning til framtíðar.

## SKULDASTAÐA FYRIR ENDURSKIPULAGNINGU



## SKULDASTAÐA EFTIR ENDURSKIPULAGNINGU



Það skiptir miklu að fyrirtæki undirbúi sig vel áður en farið er í viðræður við viðskiptabanka. Árangur þeirra viðræðna ræðst ekki síst af því að kynnt sé raunhæf áætlun um rekstur næstu ára. Forsenda niðurfærslu lána er viðskiptaáætlun sem sýnir fram á að áframhaldandi rekstur sé líklegastur til að tryggja best hagsmuni kröfuhafa, starfsmanna og eigenda. Viðskiptaáætlun mun nýtast fyrirtækjunum til markmiðssetningar í rekstri sínum. Skýr markmiðssetning eykur líkur á því að nauðsynlegur árangur náist í rekstri fyrirtækja. Viðskiptaáætlun til fjárhagslegrar endurskipulagningar mun einnig auðvelda samskipti fjármálastofnana og fyrirtækja í eftirfylgni og framtíðarsamskiptum aðila.

Þrátt fyrir að Beina brautin hafi farið hægar af stað en vonir stóðu til í upphafi hefur þegar tekist að leysa úr málum á þriðja hundrað fyrirtækja og mál nær þúsund fyrirtækja til viðbótar eru í vinnslu. Mikilvægt er að fjölga þeim fyrirtækjum sem fá úrlausn sinna mála þá eykst sóknargeta atvinnulífsins. Það er hagur okkar allra.

**Þróstur og Guðrún eru ráðgjafar hjá Capacent á sviði fjármála**